

Nd.

150. Frumvarp til laga

um afnám laga um samþykktir um herpinótaveiði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 56 10. nóv. 1913, um samþykktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði, og lög nr. 85 14. nóv. 1917, um samþykktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, er hér um ræðir, eru fyrir löngu orðin dauður bókstafur. Samþykktir hafa að visu nokkrar verið settar samkv. þeim, en ekki veit n. til, að þeim hafi verið framfylgt um margra ára skeið, heldur hefir þvert á móti tíðkapt að veiða sild í herpinót á hinum bönnuðu svæðum, án þess kvartað hafi verið eða kært yfir. Frv. þetta er flutt samkv. einróma áskorun fiskiþingsins 1936.